

Fundur 29.janúar '04

**Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 29.janúar 2004**

Ár 2004 29.janúar kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum auk sveitarstjóra og byggingarfulltrúa. Fundurinn hófst kl. 10:15

#### **Skipulagsmál**

- 1) Tillögur að breyttu deiliskipulagi á Reykhólum. Byggingarfulltrúi greindi frá því að Eygló Kristjánsdóttir og Bjarki Magnússon hefðu hug á því að reisa hús á Reykhólum á lóð nálægt gatnamótum Mariuttraðar og Hellisbrautar. Fyrir lægi skriflegt samþykki Landbúnaðarráðuneytis sem landeiganda. Nefndinni list vel á þessar hugmyndir en er þó hlynntari stakstæðum parhúsum en einni samfelldri húsalengju.

#### **Byggingamál**

- 1) Tillögur að gatnagerðargjöldum. Byggingarfulltrúi greindi frá því að engar fastar reglur virtust gilda í hreppnum um þessi mál. Byggingarfulltrúi lagði fram til upplýsingar gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Búðardal. Ákvörðun vísað til hreppsnefndar.
- 2) Gluggar á samkomuhúsi (breyting) á Reykhólum. Fjölga þarf gluggapóstum sem er útlitsbreyting. Byggingarfulltrúa falið að koma með tillögur.
- 3) Bréf Páls Arnórs Pálssonar hrl. varðandi Hyrningsstaði (vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 17/12 2003). Sveitarstjóra falið að ræða málið við lögmann hreppsins og sjá til þess að bréfinu verði svarað.
- 4) Byggingarfulltrúi fór fram á að fá leyfi til þess að gefa út leyfi fyrir minni háttar framkvæmdum. Samþykkt.

#### **Íþróttahús**

- 1) Byggingarfulltrúi lagði fram frumteikningar að íþróttahúsi við Reykhólaskóla ásamt tengibyggingu. Bygginganefnd íþróttahúss hafði falið honum að gera þessar teikningar til þess að senda hönnuðum, en ekki er enn búið að velja hönnuð hússins. Nefndinni leist vel á þessar frumhugmyndir en taldi þó til bóta ef gert yrði ráð fyrir gluggum á suðurhlið hússins. Byggingarfulltrúi greindi enn fremur frá því að tengibyggingin gæti varla verið minni en 110 fermetrar.

#### **Breyting á deiliskipulagi Bjarkalundar**

- 1) Byggingarfulltrúi kynnti hugmyndir um breyting á ofangreindu skipulagi. Þær gengju út á að breyta staðsetningu frístundahúsa þannig að þau sneru ekki þvert á ríkjandi vindátt.

Byggingarfulltrúi yfirgaf fundinn.

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

#### **Fjallskilamál**

- 1) Bréfaskipti Reykhólahrepps og Ólafs Dýrmundssonar hjá Bændasamtökum Íslands. Nefndin lýsti yfir ánægju sinni með greinargott svar Ólafs við spurningum þeim sem sveitarstjóri bar fram í sínu bréfi. Enn fremur liggur fyrir reikningur frá Einari Hafliðasyni vegna smölunar í Múlasveit og á Laugabóli. Enn fremur frá Jóhannesi Gíslasyni vegna fjárleitar með ströndum (frá bát). Von er á fleiri reikningum. Nefndin mælir með að ríkissjóður og Vesturbyggð verði krafín um samtals helming kostnaðar sbr. fjallskilareglugerð.
- 2) Fyrirspurn Guðmundar Ólafssonar á fundi hreppsnefndar 17/12 2003 hvort fyrirhugað væri að breyta leitartilhögun þar sem skilarétt á Reykjanesi verður lögð niður (vísað til nefndarinnar á fundinum). Tilgangur ákvörðunarinnar var að leggja Grundarrétt niður sem skilarétt. Ekki er meiningin að breyta leitartilhögun frá því sem verið hefur og leggur nefndin til að réttað verði á sömu stöðum og undanfarin ár.

### **Hafnamál**

- 1) Svarbréf Siglingastofnunar frá 17. nóvember 2003. Vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 17/12 2003.
  - a) Sjóvörn við Króksfjarðarnes. Málin rædd.
  - b) Dýpkun á ytri höfn við Reykhóla og bygging brimvarnargarðs og uppsetning innsiglingarljóss. Nefndin samþykkir að boðað verði til fundar með nefndinni og fulltrúa Þörungaverksmiðjunnar um málefni hafnarinnar.
  - c) Framkvæmdir við ferjubryggju á Stað, Reykjanesi. Nefndin lýsir yfir ánægju sinni með jákvæð viðbrögð Siglingastofnunar og felur sveitarstjóra að fylgja málum eftir.

### **Landamerki Reykhólajarðar og hugsanleg sala hennar.**

- 1) Fundargerð fundar á Reykhólum 12/11 2003 með fulltrúum Landbúnaðarráðuneytis og fleirum. Vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar 17/12 2003 (tilkynning).
- 2) Yfirlit frá Landbúnaðarráðuneytinu yfir leigutekjur af Reykhólajörð. Nefndin telur eðlilegt að sveitarfélagið stefni að því að eignast það landssvæði sem þéttbýlið stendur á og næsta nágrenni þess.

### **Refa- og minkaveiði**

- 1) Yfirlit yfir refa- og minkaveiði í hreppnum 2001- 2003 (tilkynning). Rætt um erindi Tómasar Sigurgeirssonar sem rætt var á fundi nefndarinnar 4/9 2003 um vetrarveiðar á mink. Málinu frestað þar til niðurstaða stjórnvalda liggur fyrir varðandi átak með minklaus svæði.
- 2) Svarbréf Umhverfisstofnunar frá 19/01 2004 varðandi stefnumið um minklausan Reykhólahrepp (tilkynning)
- 3) Erindi frá Kristjáni Guðmundssyni á Hólmavík sem hefur áhuga á að fá greitt fyrir veiði á tófu í Kollafirði. Erindinu hafnað.
- 4) Skýrsla Sigurbjargar Ólafar Bergsdóttur héraðsdýralæknis í Búðardal um ferð á bæ í hreppnum (tilkynning).

Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 14:17

Þórður Jónsson (sign)  
Gústaf Jökull Ólafsson (sign)  
Sveinn Ragnarsson (sign)  
Einar Örn Thorlacius (sign og reit fundargerð)